



Veiðireglur á veiðisvæði

Leyfðar eru fjórar stangir og ber veiðimönnum að skipta svæðinu á milli sín áður en veiði hefst.

Eingöngu er leyfð fluguveiði á svæðinu en heimilt er að veiða á spún og maðk í Ytralóni og Bæjarvatni.

Veiðitími er 12 tímar á dag, frjálst frá 7,00-24,00. Næturveiði er einnig möguleiki í samráði við veiðivörð.

Kvóti er á stöng 1 fiskur á dag undir 45cm. Í Bæjarvatni og Ytralóni er hins vegar enginn kvóti á fiski undir 45 cm. Sleppa skal öllum fiski yfir 45cm undantekningarlaust, líka í Bæjarvatni og Ytralóni, og ef stór fiskur drepst að lokinni viðureign ber að tilkynna leigutaka eða veiðiverði strax áður en haldið er áfram að veiða.

Allan fisk skal skrá í veiðibók sem geymd er á Ytra Lóni.

Óheimilt er með öllu að aka bílum yfir tún og utan vegslóða. Bílastæði eru merkt á korti með P.

Veiðimönnum ber að fara sérstaklega varlega við bakka frá 20. maí til 20. júní vegna æðarvarps.

Vinsamlegast hafið veiðileyfið tiltækt við veiðar.

Náttúran er einstök á Langanesi og er mikið fuglalíf við ána og lónin. Þar ber mest á kríum, æðarfugli og ýmsum andategundum, ásamt gæsnum og rjúpu. Yfir þessu veisluborði vakir fálkinn og stundum sést brandugla á kvöldin. Því skal gæta þess að fara varlega, sérstaklega á varptíma og einnig í og eftir sauðburð þegar lömb eru á túnnum.

Á Ytra Lóni búa Sverrir Möller og Mirjam Blekkenhorst ásamt börnum sínum. Þau annast veiðivörslu og ber að láta þau vita af sér, áður en veiði hefst. Þau bjóða jafnframt upp á gistingu og veitingar ásamt margvíslegri afþreyingu.

Sími: 468-1242 / 846-6448, Fax. 468-1242, netfang: ytralon@simnet.is